

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Sæbraut.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 1. júní 2017, nýtt deiliskipulag sem felst í að gerð er lóð undir innsiglingarvita við Sæbraut rétt utan við Höfða. Á lóðinni verður heimilt að byggja vita, að hámarki 5 m, og tryggð góð lýsing á svæðinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Haukdælabraut 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 18. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsáss vegna lóðarinnar nr. 10 við Haukdælabraut. Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóð er stækkaður á tveimur stöðum til þess að rýmka fyrir möguleikum á því að koma fyrir einbýlishúsi á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Austurstræti 17.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 12. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 17 við Austurstræti. Í breytingunni felst m.a. stækkun á inndreginni sjöttu hæð til suðurs, gluggafrontur á annarri til sjöttu hæðar framlengdur og sjöunda hæð verður inndregin með svölum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 2. júní 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2017